



Borgarráð

Aukið húsnæðisframboð fyrir dagforeldra

Óskað er eftir því samþykkt verði að fela Umhverfis- og skipulagssviði að skoða möguleika á að bæta við byggingarreitum undir færanlegt húsnæði fyrir dagforeldra í öllum hverfum borgarinnar. Þetta verði til dæmis gert með því að bæta við reitum fyrir færanlegt húsnæði á gæsluvöllum sem þegar eru nýttir fyrir dagforeldra og á nokkrum opnum svæðum. Þau svæði sem verða nýtt fyrir þetta verða áfram opin fyrir almenning eins og áður.

Greinargerð: Skóla- og frístundarsvið hefur auglýst eftir dagforeldrum til starfa með það að markmiði að stuðla að nýliðun og gerir auglýsing ráð fyrir að Reykjavíkurborg auki framboð á leiguhúsnæði fyrir starfsemi þar sem tveir dagforeldrar vinna saman. Til þess að ná þessu markmiði verði skoðað að setja upp 50-70 fermetra færanlegt húsnæði sem hentar til daggæslu svo sem færanlegar kennslustofur. Verði mikill áhugi á að leigja húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar undir daggæslu verður metið hvort rétt sé að setja hús upp á þessum stöðum annað hvort með því að taka húsnæði á leigu eða nýta færanlegt húsnæði í eigu eignasjóðs. Nú þegar eru dagforeldrar í nokkrum gæsluvallarhúsum sem eignasjóður leigir út. Á þessum stöðum væri möguleiki að bæta við færanlegu húsi og mögulega á einhverjum stöðum tveimur húsum. Reglugerð um dagforeldra heimilar að 2 dagforeldrar geti verið saman með rekstur með samtals 10 börn en ekkert er því til fyrirstöðu að hafa nokkur hús á sömu lóð þar sem tveir dagforeldrar sameinast um hvert hús.

Komi til þess að ákveðið verði að setja niður færanlegt húsnæði verða leigusamningar lagðir fyrir borgarráð.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Auglýsing SFS vegna fjölgunar dagforeldra

Kort af stöðum þar sem möguleiki væri að auka við húsnæði

Viltu vinna með börnum?



Leitað er eftir dagforeldrum til starfa í Reykjavík.
Nánari upplýsingar fást hjá daggæsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum borgarinnar í síma 411 1111.
Réttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra verður haldið hjá Námsflokki Hafnarfjarðar 10. mars – 11. apríl n.k.
Nánari upplýsingar í síma 664-5510/ 585-5860.
Reykjavíkurborg niðurgreiðir hluta af námsgjaldi.

Til að stuðla að nýliðun meðal dagforeldra áformar Reykjavíkurborg að auka framboð á leiguhúsnæði fyrir starfsemi þar sem tveir dagforeldrar vinna saman.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Möguleg staðsetning fyrir viðbótar færanlegt húsnæði fyrir dagforeldra

